

46. fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 8. mars 2012, kl.17:00 á skrifstofu Langanesbyggðar á Þórshöfn.

Mætt eru: Siggeir Stefánsson, oddviti, Gunnólfur Lárusson, Indriði Þóroddsson, Steinunn Leósdóttir og Ævar Marinósson. Jafnframt sat fundinn Helgi Mar Árnason sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

Oddviti óskaði eftir því að bæta við tveimur liðum inn á áður auglýsta dagskrá:

13. Bréf frá innanríkisráðuneytinu, dags. 29. febrúar 2012

14. Símafundur vegna Grímsstaða

Samþykkt samhljóða.

Dagskrá:

1. Fundargerð sveitarstjórnar, dags. 23.02.2012.

Lögð fram til kynningar.

Fundurinn gerir tillögu um að eftirfarandi verði bætt við lið 3 í fundargerðinni:

„Í bréfi Skipulagsstofnunar kemur m.a. fram: Skipulagsstofnun gefur út lista yfir skipulagsráðgjafa. Hlutverk listanna er að staðfesta hverjir hafi tilskilin réttindi og auðvelda þannig val sveitarfélaga á starfsmönnum og ráðgjöfum vegna skipulags. Listinn er sendur sveitarstjórnnum tvisvar á ári. Halldór Jóhannsson, sem verið hefur ráðgjafi Langanesbyggðar við gerð aðalskipulags fyrir sveitarfélagið er á þessum lista.“

Fundargerðin samþykkt samhljóða með áðurgreindum breytingum.

2. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 28.02.2012.

Í fundargerðinni er fjallað um breytingu á deiliskipulagi á hafnarsvæði Þórshafnar.

Breytingin er óveruleg.

Siggeir lýsir sig vanhæfan til að greiða atkvæði um fundargerðina. Vanhæfið borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

3. Fundargerð umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 05.03.2012.

Fundargerðin samþykkt samhljóða.

4. Fundargerð Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 24.02.2012.

Lögð fram til kynningar.

5. Fundargerð Eypings, dags. 31.01.2012.

Lögð fram til kynningar.

6. Skýrsla sveitarstjóra.

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum:

- Endurskoðun og uppgjör á rekstri sveitarfélagsins er nú að ljúka og niðurstöðu að vænta innan tíðar.
- Sveitarstjóri greindi frá bréfi frá sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, dags. 7. mars 2012 varðandi byggðakvóta. Lagt til að boða til aukafundar í sveitarstjórn mánudaginn 12. mars til að fjalla um málið.
Samþykkt samhljóða.

7. Erindi frá Menntasetrinu á Þórshöfn.

Efni erindisins er *Þórshöfn - Sjávarþorp í myndum. Afbreytingarkostur fyrir ferðafólk.* Lagt til að vísa erindinu til atvinnu-, ferða- og menningarmálanefndar til umsagnar.
Samþykkt samhljóða.

8. Erindi frá Sóleyju Vífilsdóttur.

Í erindinu óskar Sóley eftir styrk vegna tveggja ljósmyndasýninga á Þórshöfn nk. sumar. Lagt til að fresta umfjöllun um erindið til næsta sveitarstjórnarfundar.
Samþykkt samhljóða.

9. Erindi frá vímuvarnarráði.

Í erindinu beinir vímuvarnarráð þeim tilmælum til sveitarstjórnar að settar verði reglur um útleigu á samkomuhúsnæði í eigu sveitarfélagsins fyrir almenna dansleiki þar sem meðferð áfengis er heimil. Leggur ráðið til að aldurstakmark á slíka dansleiki verði alltaf haft 18 ára í stað 16 ára eins og nú er. Umræður um erindið. Lagt til að vísa erindinu til íprótta- og tómsundaráðs til umsagnar.
Samþykkt samhljóða.

10. Jafnréttisáætlun Langanesbyggðar.

Drög að jafnréttisáætlun Langanesbyggðar lögð fram. Umræða um jafnréttismál.
Áætlunin samþykkt samhljóða á alþjóðlegum baráttudegi kvenna, 8. mars.

11. Framlög til B hluta reksturs.

Sveitarstjóri fór yfir viðskiptastöður milli A og B hluta sveitarfélagsins vegna ársins 2011 og leggur til að neðangreind framlög verð færð vegna Dvalar- og hjúkrunarheimilsins Nausts, félagslegra íbúða og vatnsveitu:

a. Dvalar- og hjúkrunarheimilið Naust

Sveitarstjórn samþykkir að veita Dvalarheimilinu Naust framlag vegna rekstararhalla ársins 2011. Samtals nemur framlagið 17,0 millj. kr. og færist til tekna hjá Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Nausti og til gjalda hjá aðalsjóði. Framlagið hefur ekki áhrif á samstæðuársreikning sveitarfélagsins.

b. Félagslegar íbúðir

Sveitarstjórn samþykkir að veita félagslegum íbúðum framlag vegna rekstararhalla ársins 2011 og vegna uppgreiðslu á lánnum félagslegra íbúða sem

aðalsjóður lagði út fyrir í tengslum við sölu á félagslegum íbúðum. Samtals nemur framlagið 10,0 millj. kr. og færist til tekna hjá félagslegum íbúðumog til gjalda hjá aðalsjóði. Framlagið hefur ekki áhrif á samstæðuársreikning sveitarfélagsins.

c. Vatnsveita

Sveitarstjórn samþykkir að veita framlag til vatnsveitu vegna rekstararhalla ársins 2011. Samtals nemur framlagið 4,8 millj. kr. og færist til tekna hjá vatnsveitu og til gjalda hjá aðalsjóði. Framlagið hefur ekki áhrif á samstæðuársreikning sveitarfélagsins.

Framlög til B-hluta samþykkt samhljóða.

12. Tilnefning í húsnæðisnefnd.

Gerð er tillaga um Sigurð Ragnar Kristinsson sem aðalmann og Stein Karlsson sem varamann í húsnæðisnefnd Langanesbyggðar.

Samþykkt samhljóða.

13. Bréf frá innanríkisráðuneytinu, dags. 29. febrúar 2012.

Í bréfinu er greint frá úrskurði ráðuneytisins vegna stjórnarsýslukæru. Í úrskurðarorðum kemur fram að kærinni er vísað frá.

Lagt fram til kynningar.

14. Fundur v. mögulegs samstarfs um kaup á Grímsstöðum.

Oddviti skýrði frá símafundi sem hann sat með fulltrúum sveitarfélaga á Norðurlandi vegna hugsanlegs samstarfs sveitarfélaganna um kaup á Grímsstöðum og áframleigu til Huang Nubo. Umræða um málið. Lagt til að bíða frekari upplýsinga áður en tekin verður afstaða til málsins.

Samþykkt samhljóða.

15. Styrkbeiðni.

Fundi lokað og fært í trúnaðarbók.

Fundargerðin upplesin og samþykkt. Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 19:00.